

## Fundargerð 268. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** þriðjudagur 4. október 2022  
**Fundartími:** 9:00 – 11:23  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við liðnum íbúðabyggð í Flóahreppi undir lið 3 og erindi vegna Arnardrangs hses. undir lið 9. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 245, dags. 14.09.2022

#### a. Saurbær L166371; Staðfesting á afmörkun lóðar – 2208074

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Saurbær L166371 skv. hnitsettu mæliblaði sem hefur ekki legið fyrir áður. Jörðin er skráð með stærðina 0,0 en skv. hnitsetningu mælist hún 228,6 ha.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að erindið verði samþykkt.*

Fyrir liggur umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Saurbær L166371 skv. hnitsettu mæliblaði sem hefur ekki legið fyrir áður. Jörðin er skráð með stærðina 0,0 en skv. hnitsetningu mælist hún 228,6 ha.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b. Vorsabæjarhjáleiga L165514; Vorsabæjarhjáleiga A; Stofnun lóðar og staðfesting á afmörkun jarðar – 2208075

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Vorsabæjarhjáleiga L165514 skv. hnitsettu mæliblaði sem hefur ekki legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir að stofna 1.826 fm lóð, Vorsabæjarhjáleiga A, út úr jörðinni. Jörðin er skráð með stærðina 0,0 en skv. hnitsetningu mælist hún 82,8 ha að teknu tilliti til nýrrar lóðar. Einnig er óskað eftir því að lóðin Vorsabæjarhjáleiga lóð L198464 fái staðfangið Vorsabæjarhjáleiga B.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Nefndin gerir að sama skapi ekki athugasemdir við breytt staðfang lóðar L198464 eða stofnun lóðarinnar Vorsabæjarhjáleiga A. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að erindið verði samþykkt.*

Fyrir liggur umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Vorsabæjarhjáleiga L165514 skv. hnitsettu mæliblaði sem hefur ekki legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir að stofna 1.826 fm lóð, Vorsabæjarhjáleiga A, út úr jörðinni. Jörðin er skráð með stærðina 0,0 en skv. hnitsetningu mælist hún 82,8 ha að teknu tilliti til nýrrar lóðar. Einnig er óskað eftir því að lóðin Vorsabæjarhjáleiga lóð L198464 fái staðfangið Vorsabæjarhjáleiga B.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn gerir að sama skapi ekki athugasemdir við breytt staðfang lóðar L198464 eða stofnun lóðarinnar Vorsabæjarhjáleigu A.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c. Hólshús L165488; Brennuhóll; Stofnun lóðar og staðfesting á afmörkun jarðar – 2208096**

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Hólshús L165488 skv. hnitsettu mæliblaði sem ekki hefur legið fyrir áður. Landið er skráð með stærðina 0,0 en mælist 106 ha skv. hnitsetningu. Jafnframt er óskað eftir því að stofna 13.640 fm lóð, Brennuhóll, út úr jörðinni. Gestahús (mhl 18) er staðsett innan nýju lóðarinnar.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna. Nefndin gerir að sama skapi ekki athugasemdir við stofnun 13.640 fm lóðar úr jörð Hólshúsa sem mun bera staðfangið Brennuhóll. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að erindið verði samþykkt.*

Fyrir liggur umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Hólshús L165488 skv. hnitsettu mæliblaði sem ekki hefur legið fyrir áður. Landið er skráð með stærðina 0,0 en mælist 106 ha skv. hnitsetningu. Jafnframt er óskað eftir því að stofna 13.640 fm lóð, Brennuhóll, út úr jörðinni. Gestahús (mhl 18) er staðsett innan nýju lóðarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna. Sveitarstjórn gerir að sama skapi ekki athugasemdir við stofnun 13.640 fm lóðar úr jörð Hólshúsa sem mun bera staðfangið Brennuhóll.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d. Hnaus land 1 L213872; Hnaus 3; Stofnun lóðar – 2208058**

Lögð er fram umsókn f.h. landeiganda um stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna 11,7 ha landeign, Hnaus 3, úr landi Hnauss land 1 L213872.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Leitað verði umsagnar Vegagerðarinnar vegnar nýrra vegtengingar við Hnausveg.*

Fyrir liggur umsókn f.h. landeiganda um stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna 11,7 ha landeign, Hnaus 3, úr landi Hnauss land 1 L213872.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Leita þarf umsagnar Vegagerðarinnar vegna nýrra vegtengingar við Hnausveg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**e. Skyggfir L197781; Breytt landnotkun; Aðal- og deiliskipulagsbreyting – 2208057**

Lögð er fram umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi lóðarinnar Skyggfir L197781. Í breytingunni felst að auk landbúnaðarsvæðis verði skilgreint svæði fyrir verslun og þjónustu í landi Skyggfis sem rúmað gæti áform landeiganda um nýtingu jarðarinnar sem tiltekin er í meðfylgjandi umsókn.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við að skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði í landi Skyggfis í takt við framlagða umsókn. Mælist nefndin til þess að ummin verði skipulagslýsing sem tekur til skilgreiningar á viðkomandi svæði og byggingaheimilda innan þess. Að mati nefndarinnar er æskilegt að skilgreindar heimildir svæðisins beri það með sér að horft verði til framtíðar er varðar uppbyggingu á svæðinu verði hún hugsanlega umfangsmeiri en tilgreint er í áður framlagðri deiliskipulagsbreytingu fyrir svæðið.*

Fyrir liggur umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi lóðarinnar Skyggur L197781. Í breytingunni felst að auk landbúnaðarsvæðis verði skilgreint svæði fyrir verslun og þjónustu í landi Skyggis sem rúmað gæti áform landeiganda um nýtingu jarðarinnar sem tiltekin er í meðfylgjandi umsókn.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við að svæðið verði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í landi Skyggis í takt við framlagða umsókn. Sveitarstjórn samþykkir að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til skilgreiningar á viðkomandi svæði og byggingaheimilda innan þess. Æskilegt sé að skilgreindar heimildir svæðisins beri það með sér að horft verði til framtíðar er varðar uppbyggingu á svæðinu verði hún hugsanlega umfangsmeiri en tilgreint er í áður framlagðri deiliskipulagsbreytingu fyrir svæðið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f. Galdramýri L223808; Deiliskipulag – 2208076**

Lögð er fram umsókn frá Birni Bjarnasyni er varðar nýtt deiliskipulag fyrir land Galdramýrar L223808. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins þar sem m.a. er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhús, skemmu og gestahúsum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur umsókn frá Birni Bjarnasyni er varðar nýtt deiliskipulag fyrir land Galdramýrar L223808. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins þar sem m.a. er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhús, skemmu og gestahúsum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**g. Krókur L166363; 9 lóðir; Deiliskipulag – 2203010**

Lagt er fram að nýju deiliskipulag sem tekur til Króks L166363 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til 3,9 ha landspildu úr landi Króks innan skilgreinds landbúnaðarlands. Gert er ráð fyrir að skipta spildunni í níu lóðir. Skipting landsins byggir á þinglýstri skiptingu þess á milli skráðra eigenda jarðarinnar. Af þessum níu lóðum eru byggingar á fjórum og gert ráð fyrir byggingum á tveim til viðbótar. Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi á hverjum byggingarreit að byggingarreit 8 undanskildum en þar er skemma og er nýtingarhlutfall þess reitar fullnýtt nú þegar. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vigfús vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

Fyrir liggur að nýju deiliskipulag sem tekur til Króks L166363 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til 3,9 ha landspildu úr landi Króks innan skilgreinds landbúnaðarlands. Gert er ráð fyrir að skipta spildunni í níu lóðir. Skipting landsins byggir á þinglýstri skiptingu þess á milli skráðra eigenda jarðarinnar. Af þessum níu lóðum eru byggingar á fjórum og gert ráð fyrir byggingum á tveim til viðbótar. Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi á hverjum byggingarreit að byggingarreit 8 undanskildum en þar er skemma og er nýtingarhlutfall þess reitar fullnýtt nú þegar. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **h. Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2209025**

Lögð er fram umsókn frá Pétri H Jónssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem tekur til lands Krækishóla. Í breytingunni felst breyting á landnotkun úr frístundasvæði í íbúðarsvæði.

*Skipulagsnefnd UTU bendir á að nú stendur yfir breyting á aðalskipulagi sem tekur meðal annars til nærliggjandi svæðis F24 í landi Skálmholts þar sem gert er ráð fyrir skilgreiningu íbúðarsvæðis í stað frístunda- og landbúnaðarsvæðis. Auk þess hefur komið fram áhugi fyrir að landnotkun aðliggjandi frístundasvæðis að Merkurhrauni verði breytt í íbúðarsvæði sem sveitarstjórn Flóahrepps tók jákvætt í með bókun sinni frá 30.4.2021.*

*Að mati skipulagsnefndar þarf sveitarfélagið að meta með heilðrænum hætti þörf á skilgreiningu fleiri íbúðarsvæða innan sveitarfélagsins umfram þau verkefni sem fyrir eru í gangi og þau svæði sem nú þegar hafa verið skilgreind sem slik og hugsanlega áhrif þess á innviði sveitarfélagsins. Að mati nefndarinnar er jákvætt að taka undir samliggjandi stærri svæði í slíkum breytingum og gæti því viðkomandi breyting sem tekur til Krækishóla fallið ágætlega að fyrrgreindum breytingum sem eru í gangi eða sem lagðar hafa verið fram fyrirspurnir fyrir. Í landsskipulagsstefnu segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. Þar sem að í Flóahreppi er enginn eiginlegur byggðarkjarni eða þéttbýli telur nefndin að með því að beina vextinum að samliggjandi svæðum auk svæða sem eru í góðri tengingu við þjóðveg og í grennd við þjónustu sé farið að landskipulagsstefnu. Jafnframt kemur fram í landsskipulagsstefnu að skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaðróun í þéttbýli og dreifbýli. Að mati nefndarinnar hafa forsendur er varðar atvinnutækifæri og störf án staðsetningar breyst umtalsvert á síðustu árum, jafnvel á þeim stutta tíma sem landskipulagsstefna hefur verið í gildi. Möguleikar fólks á að starfa að heiman, stunda eigin ræktun á stærri lóðum en gengur og gerist í þéttbýlinu í góðum tengslum við náttúru og útivistarsvæði með möguleikum á takmörkuðu dýrahaldi eru töluverðir að mati skipulagsnefndar. Allt þetta miðar að sjálfbærni við skipulagningu nýrra íbúðarbyggða í dreifbýli Flóahrepps. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps vegna skilgreiningar á nýjum íbúðarsvæðum verði skoðuð saman og í heild sinn*

Fyrir liggur umsókn frá Pétri H Jónssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem tekur til lands Krækishóla. Í breytingunni felst breyting á landnotkun úr frístundasvæði í íbúðarsvæði.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar skipulagsnefnd UTU fyrir greinargóða útlístu á stöðu mála varðandi íbúðabyggð, atvinnutækifæri og búsetukosti innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórn telur að viðkomandi breyting sem tekur til Krækishóla falli ágætlega að þeim breytingum sem eru í gangi á samliggjandi svæði eða sem lagðar hafa verið fram fyrirspurnir fyrir líkt og breytingu á landnotkun í aðliggjandi frístundasvæði í Merkurhrauni sem sveitarstjórn tók jákvætt í með bókun sinni frá 30.4.2021. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að unnin verði lýsing að aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**i. Krækishólar; Deiliskipulagsbreyting; Frístundasvæði í íbúðarsvæði – 2209023**

Lögð er fram umsókn frá Atla Lillendahl er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis við Krækishóla. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla

*Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Málið verði afgreitt samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna svæðisins þegar til þess kemur.*

Fyrir liggur umsókn frá Atla Lillendahl er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis við Krækishóla. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að unnin verði lýsing að deiliskipulagsbreytingu fyrir svæðið og það auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 246, dags. 27.09.2022**

**a. Flóaskóli og Þjórarsver; Skólasvæði og félagsheimili; Deiliskipulag – 2204025**

Lögð er fram að nýju tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjórarsvers eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins. Umsagnir sem bárust vegna málsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar er ekki ástæða til að bregðast við ábendingum Vegagerðarinnar innan deiliskipulagsins að svo komnu máli. Nefndin mælist þó til þess að innan gagnanna verði gert ráð fyrir því að syðri tenging inn á svæðið verði víkjandi til framtíðar. Jafnframt mælist nefndin til þess að í lið 3.7 er varðar aðkomu og bílastæði verði gert ráð fyrir að til framtíðar verði hámarkshraði á svæðinu lækkaður auk þess sem ný úrlausn vegna tenginga inn á svæðið verði unnin í tengslum við aðrar vegaframkvæmdir í kringum skipulagssvæðið í samráði við Vegagerðina. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur að nýju tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjórarsvers eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins. Umsagnir sem bárust vegna málsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að bregðast við ábendingum Vegagerðarinnar innan deiliskipulagsins að svo komnu máli en að innan gagnanna verði gert ráð fyrir því að syðri tenging inn á svæðið verði víkjandi til framtíðar ásamt því að í lið 3.7 varðandi aðkomu og bílastæði verði gert ráð fyrir að til framtíðar verði hámarkshraði á svæðinu lækkaður auk þess sem ný úrlausn vegna tenginga inn á svæðið verði unnin í tengslum við aðrar vegaframkvæmdir í kringum skipulagssvæðið í samráði við Vegagerðina. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b. Vestur-Meðalholt L165513; Skilgr. íbúðarsvæðis; Aðalskipulag – 2209034**

Lögð er fram umsókn frá EFLU verkfræðistofu fh. Magnúsar Erlendssonar landeiganda er varðar beiðni um heimild til gerðar deiliskipulags í landi Vestra-Meðalhólts L165513 í Flóahreppi og að gerð verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins og skilgreint íbúðarsvæði. Samhliða er óskað eftir heimild til að leggja fram deiliskipulag fyrir allt svæðið.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn að ekki verði gerð athugasemd við gerð skipulagslýsingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað innan núverandi deiliskipulagssvæðis og að mati nefndarinnar er skynsamlegt að skipuleggja og beina frekari uppbyggingu að aðliggjandi svæði. Við gerð skipulagslýsingar mælist nefndin til þess að horft verði sérstaklega til þess hvort núverandi veitukerfi anni frekari uppbyggingu á svæðinu auk þess sem breytingin verði sérstaklega metin í samhengi við önnur ný íbúðarsvæði sem samþykkt hafa verið til auglýsingar og kynningar hjá sveitarfélaginu undanfarna mánuði.*

Fyrir liggur umsókn frá EFLU verkfræðistofu fh. Magnúsar Erlendssonar landeiganda er varðar beiðni um heimild til gerðar deiliskipulags í landi Vestur-Meðalhólts L165513 í Flóahreppi og að gerð verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins og skilgreint íbúðarsvæði. Samhliða er óskað eftir heimild til að leggja fram deiliskipulag fyrir allt svæðið.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við gerð skipulagslýsingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í Rimum sem er í nágrenni fyrirhugaðs deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar varðandi það að skynsamlegt sé að skipuleggja og beina frekari uppbyggingu að aðliggjandi svæði. Við gerð skipulagslýsingar mælist sveitarstjórn til þess að horft verði sérstaklega til þess hvort núverandi veitukerfi anni frekari uppbyggingu á svæðinu auk þess sem breytingin verði sérstaklega metin í samhengi við önnur ný íbúðarsvæði sem samþykkt hafa verið til auglýsingar og kynningar hjá sveitarfélaginu undanfarna mánuði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c. Yrpuholt L166352; Óveruleg deiliskipulagsbreyting – 2209065**

Lögð er fram umsókn frá Yrpuholti ehf. er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin tekur til breyttrar legu aðkomuvegar auk þess sem heimild er veitt fyrir lóð umhverfis íbúðarhús. Skipulagsmörk eru færð til suðurs vegna nýrrar lóðar. Auk þess breytist leiðbeinandi staðsetning bygginga á uppdrætti. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

Fyrir liggur umsókn frá Yrpuholti ehf. er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin tekur til breyttrar legu aðkomuvegar auk þess sem heimild er veitt fyrir lóð umhverfis íbúðarhús. Skipulagsmörk eru færð til suðurs vegna nýrrar lóðar. Auk þess breytist leiðbeinandi staðsetning bygginga á uppdrætti. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi telur sveitarstjórn að ekki sé talin þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d. Dalsmynni L166326; umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús með sambyggðum bílskúr – 2209031**

Fyrir liggur umsókn Þorgeirs Jónssonar fyrir hönd Telmu Halldórsdóttur og Ágústs Hjálmarssonar, móttekin 08.09.2022, um byggingarleyfi fyrir 250 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi með sambyggðum bílskúr á jörðinni Dalsmynni L166326 í Flóahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu*

*grenndarkynningar. Málið verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi landeigna, þ.e. Hurðarbaki, Hurðarbaki 1 og Hurðarbaki 2. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Fyrir liggur umsókn Þorgeirs Jónssonar fyrir hönd Telmu Halldórsdóttur og Ágústs Hjálmarssonar, móttækin 08.09.2022, um byggingarleyfi fyrir 250 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi með sambyggðum bílskúr á jörðinni Dalsmynni L166326 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Málið verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi landeigna, þ.e. Hurðarbaki, Hurðarbaki 1 og Hurðarbaki 2. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**e. Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-170**

### **3. Íbúðabyggð í Flóahreppi**

Í tengslum við ofangreinda liði í fundargerð um Krækishóla og Vestur-Meðalholt þá vill sveitarstjórn Flóahrepps bóka eftirfarandi:

Á undanförunum mánuðum hefur málum sem tengjast aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingum í Flóahreppi farið ört fjölgandi. Yfirstandandi aðalskipulagsbreytingar innihalda deiliskipulög sem taka til ríflega 100 lóða til íbúðabygginga. Að auki liggur fyrir að um 60 íbúðir gætu orðið við Þingborg miðað við nýtt deiliskipulag. Í Krækishólum má gera ráð fyrir um 13 íbúðalóðum og í Vestur-Meðalholtum um 15 íbúðalóðum. Formlegt samtal hefur verið í gangi á milli sveitarstjórnar og eigenda frístundahúsa í Merkurhrauni varðandi hugsanlega breytingu frá því að vera skilgreint sem frístundabyggð og yfir í íbúðabyggð, að uppfylltum nauðsynlegum skilyrðum, alls um 22 lóðir.

Þessar breytingar fela því í sér alls um 218 nýjar íbúðalóðir í sveitarfélaginu. Til samanburðar eru í dag skráðar 275 íbúðir í Flóahreppi.

Það er ljóst að sveitarstjórn Flóahrepps þarf að meta vel aðstæður í sveitarfélaginu áður en lengra er haldið í að samþykkja svæði undir frekari íbúðabyggð. Nauðsynlegt er að skoða innviði eins og vatnsveitu og möguleika á ljósleiðara ásamt því að skoða grunnþjónustu líft og rekstur leikskóla og grunnskóla og aðra þjónustubætti innan sveitarfélagsins. Að auki er mikilvægt að horft sé til gildandi aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 og hvort nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar kafla 2.3 áður en lengra er haldið. Í núgildandi aðalskipulagi er eitt af markmiðum um íbúðabyggð að vernda landbúnaðarland í flokki I og II og leitast við að halda í dreifbýlisyfirbragð.

Ljóst er að samfélagslegar forsendur hafa breyst mikið á undanförunum árum og að þörf fyrir húsnæði er mikil á svæðinu. Rammasamningur íslenska ríkisins og sveitarfélaga vegna húsnæðismála tekur gildi um áramót en þar eru sveitarfélög hvött til að bregðast við húsnæðisskortri með markvissum aðgerðum til dæmis með því að auka lóðaframboð sem er lykilkþáttur í að tryggja uppbyggingu íbúðabygðar í takt við þörf.

Sveitarstjórn Flóahrepps mun ekki taka fyrir eða gefa samþykki fyrir frekara skipulagi undir íbúðabyggð í sveitarfélaginu fyrr en staða innviða og grunnþjónustu hefur verið greind ítarlega ásamt stefnu aðalskipulags Flóahrepps. Stefnit er að því að þeirri yfirferð verði lokið í apríl 2023.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps – seinni umræða**

Fyrir liggja samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps til seinni umræðu í sveitarstjórn. Ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirbyggjandi samþykktir.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps og að þær verði sendar til Innviðaráðuneytis til samþykktar og staðfestingar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022 vegna breytinga á reglugerð nr. 1212/2015**

Fyrir liggur viðauki við fjárhagsáætlun Flóahrepps 2022 vegna breytinga á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 þar sem kveðið var á um að byggðasamlög, sameignarfélag, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stæð eignarhluta.

KPMG hefur stillt upp tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2022. Í framlögðum viðauka er búið að færa inn hlutdeild eftirfarandi stofnana í áætlun Flóahrepps fyrir árið 2022:

- Bergrisinn bs. (2,71%)
- Brunavarnir Árnassýslu (3,82%)
- Héraðsnefnd Árneseinga bs. (3,48%)
- Byggðasafn Árneseinga (3,48%)
- Listasafn Árneseinga (3,48%)
- Héraðsskjalasafn Árneseinga (3,48%)
- Tónlistarskóli Árneseinga (3,48%)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. (2,31%)
- Umhverfis- og Tækni- og velferðarþjónusta Árneseinga bs. (11,69%)
- Skóla- og velferðarþjónusta Árneseinga bs. (7,51%)

Í fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2022 er hlutdeild í ofangreindum stofnunum færð í A hluta.

Áætlun helstu áhrif:

- Rekstrarniðurstaða batnar um 0,7 m.kr.
- Aðrar tekjur hækka um 56,2 m.kr.
- Rekstrargjöld hækka um 52,0 m.kr.
- Afskriftir hækka um 2,2 m.kr.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur hækka um 1,3 m.kr.
- Fjárfesting eykst um 2,5 m.kr.

Ekki er hægt að meta áhrif á eignir og skuldir þar sem að í flestum áætlunum samstarfsverkefnanna vantar áætlaðan efnahag 2022.

Með viðaukanum er lögð fram greinagerð með fyrirvara á viðaukanum, þar sem að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna eru ekki á sama formi og áætlun sveitarfélagsins, þ.e. að það vantar áætlaðan efnahag og sjóðstreymi hjá flestum stofnunum. Í greinagerðinni er einnig settur fyrirvari um mögulega breytingu á hlutfalli og e.t.v. eiga fleiri samstarfsverkefni að vera í samantektinni.

KPMG bendir á að í framhaldi sé rétt að benda forstöðumönnum þessara stofnana á þessa breytingu á reglugerð og jafnframt fara fram á að næsta árs áætlun verði lögð fram með rekstrarreikningi, efnahag og sjóðstreymi þannig að betra sé að fella áætlun stofnunar í reikningsskil og áætlanir sveitarfélagsins.

Lagt var fram yfirlit sem sýnir samantekin áhrif breytinga vegna viðaukans á rekstur, sjóðstreymi og fjárfestingaryfirlit.

Jafnframt fylgir með sundurliðuð áhrif allra viðauka þar sem m.a. má sjá hvernig fjárhagur einstakra byggðasamлага hefur áhrif á rekstur sveitarfélagsins.



Sveitarstjórn samþykkir þennan viðauka vegna byggðasamlaganna sbr. reglugerð nr. 230/2021 og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðkomandi aðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað**

Lögð fram beiðni um umsögn vegna umsóknar Ölvisholts ehf. um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað í Ölvisholti, Flóahreppi með vísan til 6. gr. a. áfengislaga nr. 74/1998, sbr. 35/2022, og 5. gr. reglugerðar nr. 800/2022 um sölu áfengis á framleiðslustað.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leiti umsóknina með fyrirvara um jákvæðar umsagnir frá bygginga- og skipulagsfulltrúum UTU, Brunavörnum Árnessýslu og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem staðfesti að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. Starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála.
2. Lokaúttekt hafi farið fram í húsnæðinu.
3. Afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.
4. Starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar þ.m.t. hljóðvist.
5. Kröfum um brunavarnir, miðað við þá starfsemi sem fyrirhuguð er, sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs.

Sveitarstjóra falið að kalla eftir nauðsynlegum gögnum og senda á sýslumann.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá formanni stjórnar Flóamannabókar – Kótelettukvöld**

Fyrir liggur erindi frá stjórn Flóamannabókar þar sem sótt er um að fá félagsheimilið Þingborg gjaldfrítt fyrir Kótelettukvöld laugardaginn 22. október.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fella niður húsaleigu á félagsheimilinu Þingborg þetta kvöld og að styrkja á þann hátt verkefnið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð**

Sveitarstjórn samþykkti á fundi nr. 267 þann 6. september 2022 að stofnaður yrði vinnuhópur með það hlutverk að fullvinna þarfagreiningu húsnæðis og aðstöðu við Flóaskóla og skila tillögum að uppbyggingu, áfangaskiptingu og tímasettri framkvæmdaáætlun á grundvelli þarfagreiningar til sveitarstjórnar eigi síður en í mars 2023. Í kjölfarið verði farið í hönnunar-, útboðs- og uppbyggingarferli sem stýrt verði af bygginganefnd sem skipað verður í af sveitarstjórn.

Eftirfarandi fulltrúar hafa verið skipaðir í vinnuhópinn:

Árni Eiríksson, oddviti sveitarstjórnar

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Harpa Magnúsdóttir, fulltrúi T lista í sveitarstjórn

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna

Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna Flóaskóla

Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra í skólaráði

Kári Þór Steindórsson og Kamilla Hafðís Ketel, fulltrúar nemenda

Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi framkvæmda- og veitunefndar

Bjarni Stefánsson, formaður fræðslunefndar

Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi Íspróttá-æskulýðs og menningarnefndar

Örvar Rafn Hlíðdal, formaður stýrihóps um Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi

Fulltrúar í sveitarstjórn hafa seturétt á fundum vinnuhópsins

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**9. Arnardrangur hses. – breytingar á samþykktum**

Boðað hefur verið til auka fundar stofnenda Arnardrangs hses. á Selfossi þann 7. október 2022. Efni fundar eru tillögur um breytingar á samþykktum fyrir Arnardrang hses. sem unnar voru í samræmi við leiðbeiningar Innviðaráðuneytis.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að breytingum á samþykktum fyrir Arnardrang hses. og er sveitarstjóra falið að sækja fundinn og undirrita fyrir hönd Flóahrepps þann 7. október 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Frá nefndarsviði Alþingis – til umsagnar:**

1. mál frá nefndarsviði Alþingis – fjárlagafrumvarp 2023

Fulltrúum sveitarstjórnar falið að senda ábendingar um fjárlagafrumvarp 2023 á sveitarstjóra í síðasta lagi 6. október sem tekur þær saman og sendir áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**11. Fundargerðir:**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 267, dags. 06.09.2022

Varðandi lið 6 fundargerð um stöðu húsvarðar í félagsheimilum óskar Hulda Kristjánsdóttir eftir því að leggja fram tölvupóst sem sendur var á sveitarstjórn og bókara sveitarfélagsins þann 14. september 2022. Í tölvupóstinum kemur fram að hún biðjist frá öllu sem snýr að yfirferð umsókna og í kjölfarið ráðningarferli vegna stöðu húsvarðar í Flóahreppi sem auglýst var þann 12. september 2022. Ástæðan er vanhæfi vegna tengds aðila sem sótti um stöðuna. Tölvupósturinn var lagður fram með fundargögnum.

b) Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps nr. 1, dags. 06.09.2022

Erindisbréf fyrir íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps var lagt fram með fundargerð. Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið og tekur það gildi við birtingu fundargerðar 268. fundar sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 136, dags. 12.09.2022

Varðandi lið 2 þá mun fræðslunefnd fara betur yfir drög að erindisbréfi nefndarinnar og senda athugasemdir á sveitarstjóra. Erindisbréf verður svo lagt fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

d) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 137, dags. 20.09.2022

Varðandi liði 7 og 15 í fundargerð þá vísar sveitarstjórn þeim málum til fjárhagsáætlunargerðar. Varðandi skólaakstur þá telur sveitarstjórn mikilvægt í ljósi umferðaröryggis og tíma skólabarna í bíl að opna Oddgeirshólaveg milli Oddgeirshóla og Langholts að nýju, sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps nr. 1, dags. 13.09.2022

Varðandi lið 1 í fundargerðinni þá gerði nefndin nokkrar athugasemdir við drög að erindisbréfi. Sveitarstjóra falið að bregðast við athugasemdum og senda á nefndarformann að því loknu. Erindisbréf verður svo lagt fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

f) Umhverfis- og samgöngunefndar Flóahrepps nr. 1, dags. 14.09.2022

Varðandi lið 5 í fundargerð þá tekur sveitarstjórn Flóahrepps undir bókun umhverfis- og samgöngunefndar varðandi efnistöku á Mýrdalssandi og þau neikvæðu áhrif sem hugsanlegar akstursleiðir í gegnum Flóahrepp myndu hafa. Varðandi lið 7 tekur sveitarstjórn undir með nefndinni mikilvægi þess að Vegagerðin móti áætlun um grunnnet hjóltreiddastíga á Íslandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Samráðsfundar með Vegagerðinni vegna hringveggar um Ölfusá dags. 27.06.2022

h) Samráðsfundar með Vegagerðinni vegna hringveggar um Ölfusá dags. 02.09.2022

i) Stjórnar Fræðslunets Suðurlands nr. 153, dags. 23.08.2022

j) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 42, dags. 23.08.2022

k) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 43, dags. 06.09.2022

l) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 44, dags. 14.09.2022

m) Auka aðalfundar Bergrisans 30.06.2022

Undir lið 9 í fundargerð: Arnardrangur hses. kosning í stjórn félagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir tillögu fundarins að stjórn Arnardrangs hses. verði skipuð sömu aðilum og taka sæti í stjórn Bergrisans bs. og að bæjarstjóri Árborgar verði stjórnar-formaður félagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

n) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. dags. 31.08.2022

o) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. dags. 21.09.2022

Í fundargerðinni leggur stjórn NOS til við bæjar- og sveitarstjórnir aðildarfélaganna að á næsta fundi þeirra verði samþykkt að starfsemi byggðasamlagsins „Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs.“ (SVÁ) verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið. Einnig er óskað eftir samþykki bæjar- og sveitarstjórna fyrir því að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin og kostnaður greiðist af SVÁ í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins. Tillagan hefur verið kynnt fyrir fræðslunefnd. Umræða varð um málið. Á síðustu misserum hefur verið unnið að því að skoða framtíð byggðasamlagsins og var í tilefni af því m.a. gerð úttekt á starfseminni og lágu niðurstöður fyrir í lok síðasta árs.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu stjórnar NOS um að starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin og að kostnaður vegna þessa greiðist í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins.

Í ljósi framangreinds samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að skoða samstarf sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps á sviði skóla- og velferðarþjónustu. Löng hefð er fyrir samstarfi þessara sveitarfélaga í þessum málaflokkum. Er oddvita og sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

p) Svæðisskipulags Suðurlands dags. 31.08.2022

q) Stjórnar SASS nr. 586, dags. 02.09.2022

r) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 312, dags. 06.09.2022

s) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 313, dags. 22.09.2022

Undir lið 2 í fundargerð var tekið fyrir erindi frá sveitarstjóra Flóahrepps vegna kvartana frá íbúum um lyktarmengun frá starfsemi Orkugerðarinnar. Búið er að koma erindinu í farveg og unnið að úrlausn. Sveitarstjóri hefur sótt fund með stjórn Orkugerðarinnar og framkvæmdastjóra frá því að erindið var sent inn. Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að hráefni og búnaður í starfsemi Orkugerðarinnar uppfylli skilyrði og að allra leiða sé leitað til að halda lyktarmengun í lágmarki á svæðinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

t) Stjórnar Byggðasafns Árneshinga nr. 2, dags. 13.09.2022

u) Stjórnar Brunavarna Árneshýslu nr. 2, dags. 13.09.2022

v) Stjórnar Brunavarna Árneshýslu nr. 3, dags. 19.09.2022

w) Almennavarnanefndar Árneshýslu nr. 1, dags. 16.09.2022

x) Stjórnar Héraðsskjalasafns Árneshinga dags. 20.09.2022

y) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 221, dags. 23.09.2022

## 12. Efni til kynningar

a) Umsögn byggingafulltrúa - Hamarskot (L207129); Umsögn um rekstrarleyfi; gisting

b) Forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026

Framundan er vinna við fjárhagsáætlun. Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlunar sem sveitarstjórn mun hafa til hliðsjónar. Vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunargerðar verður 18. október 2022.

c) Ályktun frá stjórn Skógræktarfélags Íslands

d) Áskorun frá Félagi atvinnurekenda, Húseigendafélagsi og Landssambandi eldri borgara

e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 1. nóvember kl. 9:00 í Þingborg.

Árni Eiríksson (sign)  
Walter Fannar Kristjánsson (sign)  
Elin Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)  
Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson  
Harpa Magnúsdóttir  
Klugtúlga  
Hulda Kristjánsdóttir  
Walter Fannar Kristjánsson

## Fundargerð 138 fundar fræðslunefndar Flóahreppi

- Fundarstaður:** Þingborg
- Fundardagur:** Þriðjudagur 25. október 2022
- Fundartími:** Flóaskóli: 15.30 – 17.00  
Sameiginleg málefni 17.00 – 17.15  
Krakkaborg: 17.15 – 18.00
- Fundarmenn:** Bjarni Stefánsson, formaður  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður  
Anný Ingimarsdóttir, aðalmaður, ritari  
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir, aðalmaður  
Inga Dröfn Sváfnisdóttir, varamaður fyrir Axel Pál sem boðaði forföll  
Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla  
Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla  
Ragnar Finnur Sigurðsson fulltrúi foreldra Flóaskóla  
Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar  
Benedikt Karl Gröndal fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar  
Fulltrúi foreldra í Krakkaborg boðaði forföll

Bjarni setti fundin og bauð fundarmenn velkomna.

+

## Flóaskóli:

1. **Starfsáætlun Flóaskóla 2022-2023** – Skólastjóri fór yfir áætlunina, nokkur umræða var um áætlunina. Fræðslunefnd gerði ekki athugasemd við áætlunina og staðfestir fræðsluáætlun Flóaskóla fyrir skólaárið 2022-2023 með fyrirvara um að engar athugasemdir koma frá skólaráði og breytingu á óveðursáætlun skv. 7 lið dagskrár.
2. **Ársskýrsla 2021-2022** – mat á skólastarfi. Skólastjóri fór yfir skýrsluna, Nokkur umræða var um skýrsluna, fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við hana.
3. **Umbótaáætlun ytra mats** – Farið yfir áætlunina, umbótaáætlun er unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar vorið 2020, búið að ljúka mörgum þáttum og aðrir eru í vinnslu. Í heild er umbótaáætlunin langt komin og gengur vel að vinna í þeim þáttum sem Menntamálastofnun óskaði eftir úrbótum á.
4. **Fjárhagsáætlun** – Rætt um fjárhagsáætlun, fræðslunefnd vill leggja áherslu á að við sveitarstjórn að það verði ekki slegið af faglegum kröfum í skólanum við gerð fjárhagsáætlunar. Fram kom á fundinum að það er almenn ánægja með mötuneyti skólans.
5. **Reglur um skólamáltíðir** - Reglurnar eru lagðar fram, fræðslunefnd leggur áherslu á að það verði boðið upp á graut eða ávexti fyrir alla nemendur skólans. Skólastjóri mun taka þetta með í umræðu við gerð fjárhagsáætlunar. Reglurnar eru samþykktar eins og þær eru lagðar fyrir.
6. **Reglur um frístundaheimili** – Reglurnar eru lagðar fram, fræðslunefnd samþykkir reglurnar án athugasemda.
7. **Óveðursáætlun** – Áætlunin er lögð fram og fræðslunefnd samþykkir hana án athugasemda.
8. **Önnur mál** – ekki nein önnur mál rædd.

**Sameiginleg mál:**

**9. Samstarfsáætlun Krakkaborgar og Flóaskóla** – Málinu frestað til næsta fundar.

**10. Önnur mál –**

- a. Tölvupóstur, dagsettur 5. september 2022 barst frá verkefnastjóra um samþættingu í þágu farsældar barna frá Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings. Verkefnisstjóri mun koma inn á fund fræðslunefndar á næsta fund nefndarinnar.
- b. Formaður upplýsti um að búið væri að taka ákvörðun um að leggja niður byggðasamlagið um Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings..

## Krakkaborg:

- 11. Fréttir af leikskólastarfinu** – Starf leikskólans gengur vel, verið er að auglýsa eftir starfsfólki. Búið er að ráða inn einn starfsmann sem er grunnskólakennari, sá aðili mun hefja störf í byrjun nóvember. Í máli skólustjóra kom fram að unnið er að minnka biðlistann og stefnt er að í janúar 2023 verður ekki neitt barn á biðlista. Í dag eru 35 börn í leikskólanum en stefnt að að þau verði orðin 39 í janúar.2023. Leikskólinn fékk styrk frá Orku náttúru upp á 300.000 til að kaupa annað Bamba gróðurhús.
- 12. Starfsáætlun Krakkaborgar 2022-2023** – Fræðslunefnd staðfestir áætlunina án athugasemda.
- 13. Dvalar- og inntökuskilyrði** – Málinu frestað til næsta fundar. Fræðslunefnd vill ítrekar bókun frá fundi nefndarinnar þann 20. september sl. að gjaldskrá verði stillt í hóf en miðað við upplýsingar frá leikskólustjóra þá eru leikskólagjöld í Krakkaborg hæst miðað við nágrannasveitarfélögin.
- 14. Skóladagatal** - Leikskólustjóri óskar eftir að færa til sumarfríð á árinu 2023. Þannig að leikskólinn loki 6. júlí 2023 og mun opna aftur eftir sumarfrí 10. ágúst. Þá er ósk um að færa einn starfsmannafund sem var komin í skóladagatalið 16. desember 2022 til 19. apríl 2023. Einnig er óskað eftir að starfsdagar verði 19. og 22. maí. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við þetta og staðfestir skóladagatal.
- 15. Önnur mál**

Leikskólustjóri leggur fram agastefnu Krakkaborgar – rætt um hvort heitið „agastefna“ væri rétta orðið yfir þessa stefnu. Rætt um hvort þyrfti að tengja skólanámskrá inn í þessa stefnu. Tekin ákvörðun að gera það ekki á þessu stigi en leikskólustjóri skoðar hvort það væri gott að tengja hana við stefnuna í framtíðinni. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við stefnuna og samþykkir hana.

*Fundi slitið kl. 18:45*





## Fundargerð

**1. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 12. ágúst 2022, kl. 9:00.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Gestur Kristjánsson, og Sandra Sigurðardóttir. Arna Ír Gunnarsdóttir var fjarveradi en í hennar stað sat fundinn Sigurjón Vídalín Guðmundsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður héraðsnefndar.

**1. Fundarsetning**

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

**2. Kosning ritara**

Fram kom tillaga um að Sandra Sigurðardóttir yrði kosin ritari og var það samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerð 26. fundar Héraðsnefndar Árnésinga dags. 30. júní 2022**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**4. Stofnsamningur Héraðsnefndar Árnésinga**

Stofnsamningur Héraðsnefndar lagður fram til kynningar.

**5. Erindisbréf stofnana Héraðsnefndar**

Farið var yfir erindisbréf. Samþykkt að gera engar breytingar á þeim en þau verði kynnt í hverri stofnun fyrir sig.

**6. Kynning á starfi fjárhaldsmanns Héraðsnefndar**

UB  
JPK

SVG  
H.K  
55  
78

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður Héraðsnefndar, fór yfir og sagði frá sínu starfi fyrir nefndina.

#### 7. Haustfundur 2022

Samkvæmt stofnsamþykkt skal halda haustfund eigi síðar en 10. október ár hvert. Samþykkt að haustfundur verði haldinn 11. október og að fundurinn verði haldinn í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 8. Fjárhagsáætlun 2023

Umræða varð um undirbúning að fjárhagsáætlun 2023. Stjórn leggur áherslu á að stjórnir stofnanna skili drögum að fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun fyrir framkvæmdastjórn eigi síðar en 15. september eins og samþykktir Héraðsnefndar segja til um.

#### 9. Héraðsskjalasafnið

Umræða varð um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Samþykkt að á næsta fundi framkvæmdastjórnar verði málið rætt betur.

#### 10. Starfið framundan

Umræða varð um fundartíma Héraðsnefndar fram að haustfundi auk fleiri mála er snerta starf nefndarinnar.

Fundi slitið kl. 10:30.

Helgi Kjartansson, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson  
Sandra Sigurðard.  
Kjartan Þjornar

Leifur Þórhjóni

Sigurján Vidlátur Guðmundsson  
Ingibjörg Garðarsdóttir



## Fundargerð

**2. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn á Teams, 29. ágúst 2022, kl. 8:00.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar. Stjórn Byggðasafns Árneseinga var boðuð á fundinn undir fyrsta lið og sat Árni Eiríksson fundinn en Þórhildur Dröfn Ingvadóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

Dagskrá:

**1. Ráðningasamningur - forstöðumaður Byggðasafns Árneseinga**

Samningurinn sem gerður var við forstöðumann Byggðasafnsins 2017 rennur út þann 1. september 2022. Framkvæmdastjórn gerir ráðningasamninga við starfsmenn í samstarfi við stjórnir stofnanna. Ákveðið var að gera 5 ára saming við forstöðumann Byggðasafnsins og uppfæra um leið starfslýsinguna þar sem hún er orðin 10 ára gömul.

**2. Haustfundur HÁ sem verður haldinn 11. okt. – staða undirbúnings**

Haustfundur Héraðsnefndar Árneseinga verður haldinn á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi 11. okt. nk. Gert er ráð fyrir að fundurinn hefjist um kl. 8:30 og standi til kl. 16:00.

Dagskrá fundarins ásamt fundargögnum verður send út þegar nær dregur fundi.

Fundi slitið kl. 8:59

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson  
Sandra Sigurðard.  
Arna Ír Gunnarsdóttir

Kjartan Björnsson  
Gestur Kristjánsson  
Ingibjörg Garðarsdóttir

# 45. stjórnarfundur Bergrisans bs.

16.09.2022

Staðsetning: Bankinn vinnustofa

## Mætt:

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Íris Ellertsdóttir og Melkorka Jónsdóttir var í fjarfundabúnaði.

Anton Kári Halldórsson tilkynnti forföll en varamaður hans hafði ekki tók á að mæta á fund. Ingibjörg Garðarsdóttir vék af fundi eftir lið 5.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

## Dagskrá

### Almenn erindi

#### 1. Ráðning ráðgjafarþroskaþjálfara fyrir þjónustusvæði Bergrisans, kynning

Jóhanna Margrét Einarsdóttir hefur verið ráðin í 100% starf ráðgjafarþroskaþjálfara fyrir svæði Bergrisans en verður í 50% starfi fram að áramótum. Sigríður Leifsdóttir sinni starfinu áður. Ráðgjafar þjónustusvæðanna munu geta nýtt sér ráðgjöf frá Jóhönnu. Starfið er hýst undir Árborg og hefur hún aðstöðu þar. Beiðnir um ráðgjöf skal senda til félagsþjónustu Árborgar frá ráðgjafarþroskaþjálfum í fagteymi Bergrisans.

Lagt fram til kynningar.

#### 2. Breyting á forystu í búsetueiningum á Selfossi

Forstöðumaður í Vallholti 27 hefur sagt starfi sínu lausu. Vallholt 27 hefur verið skilgreint sem búseta fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir. Nú býr þar eitt barn og einn fullorðinn einstaklingur sem er á biðlista eftir viðunandi búsetuúrræði.

Í kjölfar þess að starfinu hefur verið sagt lausu og vegna yfirstandandi úttektar á starfsemi Bergrisans leggur deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar í samvinnu við verkefnastjóra Bergrisans fram minnisblað þar sem eftirfarandi breytingar eru lagðar til á samsetningu starfa í Vallholti 27:

- Starf forstöðumanns Vallholts 27 verði lagt niður frá og með 1. nóvember 2022.
- Starf deildarstjóri verði óbreytt í Vallholti 27 en nú er deildarstjóri í 50% starfshlutfalli.
- Að Guðrúnu Lindu Björgvinsdóttur verði falið forstöðumannahlutverk Vallholts og gegni þá forstöðu jafnframt í Vallholti 12-14.
- Önnur starfsemi óbreytt.

Markmið með breytingunni er að ná fram samlegðaráhrifum í störfum forstöðumanns. Lagt er til að breytingin gildi í eitt ár með það að leiðarljósi að meta hvort breytingin skili tilætluðum árangri.

Stjórn Bergrisans samþykkir þessar tillögur og felur deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar að vinna að breytingunum og að skila inn mati að ári liðnu.

### 3. Umsókn um aukna þjónustu fyrir barn

Tilvísun í minnisblað (1) deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar.

Sótt er um aukningu á þjónustu vegna barns sem er í þörf fyrir sérhæfða og langvarandi þjónustu:

- Aukning í skammtímadvöl úr tveimur sólahringum í átta á mánuði.
- Stuðning á heimili.
- Liðveislu.

Kostnaðaraukning getur verið allt að 165.000.- kr. á mánuði.

Stjórn Bergrisans samþykkir aukningu á þjónustu og vísar jafnframt í reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk með tilliti til kostnaðaraukningar.

### 4. Umsókn um aukna þjónustu fyrir barn

Tilvísun í minnisblað (2) deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar.

Sótt er um aukna þjónustu fyrir barn sem er metið með mikla og flókna þjónustuþörf:

- Aukning í skammtímadvöl.
- Stuðning á heimili.
- Liðveislu.

Kostnaðaraukning getur verið allt að 165.000.- kr. á mánuði.

Stjórn Bergrisans samþykkir aukningu á þjónustu og vísar jafnframt í reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk með tilliti til kostnaðaraukningar.

### 5. Beiðni um sérhæft úrræði fyrir barn

Tilvísun í minnisblað (3) deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar.

Sótt er um að veitt verði sérhæfð dvöl fyrir barn með mikla og flókna þjónustuþörf í aðkeyptu úrræði allt að sex sólahringa á mánuði og horfa á hvíldarúrræði þar næstkomandi sumar í tvær til þrjár vikur.

Stjórn Bergrisans samþykkir að sótt verði um sérhæfða dvöl til sex mánaða og að endurmat verði framkvæmt að þeim tíma liðnum. Stjórn vísar jafnframt í reglugerð um framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk með tilliti til kostnaðaraukningar.

Deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar falið að leita tilboða vegna þjónustunnar.

### 6. Umsókn um sérhæft úrræði

Tilvísun í minnisblað félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, kostnaðargreiningar og rekstraráætlunar.

Óskað er eftir að einstaklingur með auðkennisnúmer 100549 fái endurnýjun á samningi um þjónustu frá Vínakoti sem er sérhæft aðkeypt þjónustuúrræði.

Stjórn Bergrisans samþykkir endurnýjun samnings og vísar jafnframt í reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

## 7. Kynning á Bergrisanum

Stjórn Bergrisans felur verkefnastjóra Bergrisans að bjóða sveitarfélögum upp á kynningu og samtal um Bergrisann á næstu vikum.

## Fundargerðir

8. 156. fundargerð þjónusturáðs Bergrisans bs. kynnt  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl.: 11:45

46. stjórnarfundur Bergrisans bs.  
26.09.2022

Fjarfundur hefst kl. 14.30 á Teams

**Mætt:**

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar fundargerð.

**Dagskrá**

Bókun vegna sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks Sveitarfélögin Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitfélagið Árborg, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks sem nefnist Bergirisinn. Fer Bergirisinn fyrir skipulagi og framvæmd þjónustunnar og er hlutverk byggðasamlagsins að útfæra hana.

Stjórn Bergrisans lýsir yfir miklum áhyggjum af vaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Lögbundið framlag til sveitarfélaga og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa ekki undir kostnaði við rekstur málaflokksins. Ábyrgð sveitarfélaganna er rík þegar kemur að rekstrinum og vilja þau getað staðið undir þeirri ábyrgð.

Nýleg greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 sýnir að rekstrarniðurstaða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hafði þá þrefaldast á þremur árum frá 2018. Ljóst er að hallinn á árinu 2021 var umtalsvert meiri.

Stjórn Bergrisans bs. fagnar skipan starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarsiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og skorar á ráðherra að hraða vinnu hópsins.

Stjórn Bergrisans leggur áherslu á að ríkisvaldið komi til móts við langvarandi halla á rekstri málaflokksins í umdæmi Bergrisans undanfarin ár og tryggi í framhaldinu aukið fjármagn til málaflokksins til framtíðar. Stjórn Bergrisans óskar eftir samtali við Jöfnunarsjóð og félags- og vinnumálaráðuneyti vegna uppsafnaðs hallarekstur síðastliðinna ára.

Fundi slitið kl 15.05

# Fundargerð 51. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, mánudaginn 19. september kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Dfana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Áherslur um vindorkunýtingu - samskipti við starfshóp ráðuneytis - 2201001SO**  
Guðjón Bragason fór yfir stöðu mála varðandi starfshóp ráðuneytisins um vindorkunýtingu.  
*Stjórn samþykkir að óska eftir að aðildarfélög SO svari tölvupósti sem starfshópur ráðuneytisins um vindorkunýtingu sendi sveitarfélögunum þann 23. ágúst sl.*  
*Samþykkt að stjórnarformaður SO mæti á fund starfshópsins þann 27. september nk.*
- 2. Ársreikningur 2021 - 2206001SO**  
Ársreikningur 2021 lagður fram til samþykktar.  
*Stjórn samþykkir ársreikning 2021.*
- 3. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022 - 2209001SO**  
*Stjórn samþykkir að halda aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga 11. nóvember nk. kl. 13:00 í Sveitarfélaginu Ölfus.*
- 4. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO**  
*Stjórn samþykkir að fara í samstarf við ráðgjafafyrirtækið KPMG um stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga.*
- 5. Vindorka í DK: Grænar lausnir út um allan heim - 2201001SO**  
Lagt til kynningar vettvangsferð til Danmerkur um vindorku.

Fundi var slitið kl. 09:30



---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Árni Eiríksson

---

Dfana Hilmarsdóttir

---

Einar Kristján Jónsson

---

Grétar Ingi Erlendsson

## Fundargerð nr. 203

203. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn að Eyravegi 9 Selfossi, 27.9.2022 kl. 8:15.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson. Sveinn Ingi Sveinbjörnsson sat fundinn á Teams.

1. Áætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2023.

Farið yfir áætlunina, engar róttækar breytingar frá fyrra ári. Engar athugasemdir frá stjórnarmönnum og lagt í hendur skólastjórnenda að koma þessu í áframhaldandi farveg.

2. Húsnæðismál.

Það þrengir að á flestum stöðum og kennsla fer t.d. að mjög litlu leyti fram í Vallaskóla á skólatíma. Oft heilmikið þúsluspil að koma kennslu að á morgnana. Mikilvægt er að vera á tánum varðandi húsnæðismál og passa upp á plássið okkar.


3. Kennslustaðaheimsóknir Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn.

4. Önnur mál.

Varðandi starfsmannamál þá leystist allt farsælega. Fjórir kennarar létu að störfum í haust og fjórir kennarar komu inn í staðinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:00/ ESM

*Kjartan Björnsson,  
Erla Sif Markúsdóttir,  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,  
Helga Sighvatsdóttir,  
Jóhann I. Stefánsson*



## Stjórnarfundur 7.9 2022, kl. 15:00

### Mætt eru:

Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Bjarni H. Ásbjörnsson og Kristín Scheving.

### Dagskrá:

- 1) Kynning á starfi safnsins – starfsmenn kynntir fyrir nýrri stjórn
- 2) Fjárhagsáætlun 2023
- 3) Sýningar framundan
- 4) Önnur mál

### Liður 1 - Kynning á starfi safnsins – starfsmenn kynntir fyrir nýrri stjórn.


Maria Czismás móttökustóri og umsjónarmaður safnbúðar, Zsóka Leposa verkefnastjóri safneignar, Alda Rose Cartwright verkefnastjóri fræðslu, Max Riley tækniamaður, verkefnastjóri uppsetninga sýninga og yfirhönnuður safnsins ásamt Kristínu Scheving safnstjóra kynna starf safnsins.


### Liður 2 - Fjárhagsáætlun 2023


### Liður 3 - Sýningar framundan


### Liður 4 – Önnur mál


### Fundi slitið

  
Arna Ír Gunnarsdóttir formaður

  
Bjarni H. Ásbjörnsson

  
Njörður Sigurðsson

  
Kristín Scheving, safnstjóri.



Stjórnarfundur 3.10 2022, kl. 10:00


Mætt eru:


Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Bjarni H. Ásbjörnsson og Kristín Scheving.


Dagskrá:


- 1) Fjárhagsáætlun 2023
- 2) Fá yfirlit yfir tíma endurskoðenda KPMG, hár kostnaður og þarfnast frekari skoðunar.
- 3) Skoðun á viðhaldspörf, forstöðumaður skrifar og leitar tilboða hjá verkfræðistofum.

Fundi slitið 11.07

  
Arna Ír Gunnarsdóttir formaður

  
Bjarni H. Ásbjörnsson

  
Njörður Sigurðsson

  
Kristín Scheving, safnstjóri.

## FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-020-V01	Svæðisskipulag Suðurlandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
27.09.2022	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
19	Greinargerð og stefnumörkun Fyrri hluti greinargerðar	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
HB 03.10.2022	SASS	Leikskálar, Vík
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Arnar Freyr Ólafsson	Árborg	
Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir	Ásahreppur	
Helgi Kjartansson, Jón F. Snæbjörnsson	Bláskógabyggð	
Árni Eiríksson, Harpa Magnúsdóttir	Flóahreppur	
Björn Kristinn Pálmarsson	Grímsnes- og Grafningshr.	
Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur	
Eydís Þ. Indriðadóttir, Birgir Haraldsson	Rangárþingi ytra	
Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gunnarsson, Ólafur Júlíusson	Skaftárhreppur	
Sigurður Unnar Sigurðsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Einar Freyr Elínarson,	Mýrdalshreppur	
Anton Kári Halldórsson,	Rangárþing eystra	
Vigfús Þór Hróbjartsson	UTU	
Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	Verkfræðistofan EFLA	
Dreifing	Fyrirtæki	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Fundarskjöl	Næsti fundur	
Vinnuskjöl: Kynning	Október 2022	

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 19. fundar og telst hún samþykkt.

## Fundardagskrá

1. Opnun fundar
2. Drög að tillögu
3. Næsti fundur

### 1. Opnun fundar

Helgi Kjartansson bauð fundargesti velkomna og greindi frá fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þ. 17. september þar sem vinna við svæðisskipulag Suðurlandis var kynnt .

### 2. Drög að tillögu

Gísli Gíslason og Hrafnhildur Brynjólfsdóttir EFLU fóru yfir drög að greinargerð svæðisskipulagsins, kafla 1 til 5. Fundarfólk hafði fengið greinargerðina senda í drögum fyrir fundinn og fær hana aftur senda eftir fundinn með uppfærslum. Hér eru punktar úr umræðu um efni greinargerðarinnar.

#### Kafli 3. Sterkir innviðir

- Vegir
  - Stefna um stofnvegi um hálendið miðar við að þeir séu ekki hugsaðir til reglubundinna vöruflutninga. Stefnan mun ekki útiloka slíka flutninga en miðað er við að vegirnir verði ekki það fljótfarnir að þeir verði almennt góður valkostur fyrir slíka flutninga.
  - Umræða var um opnunartíma veganna en slíkt ræðst líklega fyrst og fremst af tíðarfari. Tölur í drögum um 6-8 mánuði fyrir stofnvegi sem er byggt á reynslu af opnunartíma í Hrauneyjar. Getum rýnt betur, hugsanlega er tíminn of langur. Huga þarf að því að sumir staðir þola illa vorumferð á meðan frost er að fara úr jörðu.
  - Spurt var um tengsl flokkunar vega og umferðartalninga, en umferðartölur munu birtast í forsenduskýrslu.
  - Á afrétti Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ekki merktur inn landsvegur vestan Þjórsár, sem er í samræmi við samtal í svæðisskipulagsnefnd á fyrri stigum. Verður skoðað.
- Þjónustustaðir
  - Flokkun og skilgreining á þjónustustigi á skálasvæðum og fjallaseljum er tekin úr Landskipulagsstefnu.
  - Umræða um hvort Laugarvatn eigi að vera jaðarmiðstöð frekar en Þingvellir. Bent á að Þingvellir eru tenging inn á Kaldadal.
  - Sandártunga ætti að heita Selhöfði sem fellur betur að núverandi hugmyndum um uppbyggingu á svæðinu.
  - Umræða um hvort skálasvæði eigi að hafa landnotkunina Vþ verslun og þjónusta í aðalskipulagi.
  - Miðum við að listi yfir fjallasel verði í viðauka eða forsenduhefti.
  - Nokkur umræða um einkaskála en skipulagsleg staða þeirra og tengdar framkvæmdir eru áskorun fyrir sveitarfélög. Miðum stefnumótun í svæðisskipulagi við þjóðlendulögin en þau taka á einkaskálum.
- Dreifikerfi raforku og fjarskipti
  - Gera þarf ráð fyrir að fjarskiptamannvirki geti verið utan mannvirkjasvæðis og mannvirkjabelta.

- Áhersla verði á fjarskiptasamband frá helstu mannvirkjum; skálum og vegum.
- Rætt var um mögulegar breytingar á lagaumhverfni tengt dreifikerfi raforku, gæti hugsanlega haft áhrif á svæðisskipulagið.

#### Kafli 4. Umhyggja fyrir auðlindum

- Landslag og verndarheildir.
  - Dæmi eru um virkjanakosti í rammaáætlun sem eru á svæðum sem metin eru með hátt verndargildi. Rætt var um að verndarheild í Skaftárhreppi verði afmörkuð með hliðsjón af áhrifasvæði Hólmsárvirkjunar.
- Vernduð svæði
  - Umræða um hverfisverndarsvæði í aðalskipulagsáætlunum, en þau eru ekki á korti yfir vernduð svæði. Gert er ráð fyrir að þau verði á korti í forsenduhefti svæðisskipulagsins.
  - Búrfellslundur skerðir óbyggð víðerni beggja vegna Þjórsár þegar miðað er við 10 km skerðingu frá vindmillum hærri en 100m. Eðlilegt sé að afmarka víðerni með tilliti til kosta sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar.
- Kyrrlát svæði
  - Miðað er við að sveitarfélögin fjalli um kyrrlát svæði í sínu aðalskipulagi en mögulegt að þau þurfi að vinna sem verkefni hjá SASS. Ákvarðanir verði betri ef horft er heildstætt á svæðið og mörg kyrrlát svæði eru þvert á sveitarfélagamörk.
- Orka

#### Kafli 5. Ábyrg nýting auðlinda

- Ferðaþjónusta
  - Óskað var eftir samræmingu á umfjöllun um mismunandi ferðaleiðir – hver umfjöllunarefni eru.
- Orkuvinnsla
- Grunnvatn
- Beitar og veiðinytjar
  - Ábending um að vísa í lög um upprekstur og veiðinytjar í kaflanum.

#### 3. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 25. október á Hvolsvelli.

# Fundargerð 913. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 28. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Akureyri.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakei Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir í fjarfundarbúnaði, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Kristján Þór Magnússon boðaði forföll en ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hans á fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar óskaði formaður Heiðu Björgu Hilmisdóttur viðtakandi formanni til hamingju með kjörið og óskaði henni velfarnaðar í krefjandi hlutverki fyrir hönd sveitarfélaga landsins. Undir það tóku aðrir stjórnarmenn og starfsmenn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 912. fundar - 2201008SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 912. fundar stjórnar sambandsins frá 2022.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð.*

**2. Fræðslumálanefnd - 2009079SA**

Lögð fram fundargerð 141. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 1. júní 2022.

**3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA**

Lögð fram fundargerð 75. og 76. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 15. ágúst og 19. september 2022.

*Vegna bókuar við 2. lið fundargerðar frá 19. september 2022 um málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar:*

*Stjórn sambandsins áréttar að aukin framleiðendaábyrgð er einn af lykilþáttum við innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi. Mikilvægt er því að fyrirkomulag og fjármögnun í gegnum Úrvinnslusjóð eða með öðrum hætti sem ákveðin liggja fyrir sem fyrst. Stjórn bendir á að alger uppstokkun á fyrirkomulagi framleiðendaábyrgðar myndi taka langan tíma og teyja framgang hringrásarhagkerfis hér á landi.*

*Stjórn telur jafnframt að skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Úrvinnslusjóð leiði í ljós að tækifæri eru til að auka gagnsæi og vinna að margháttuðum úrbótum í starfsemi sjóðsins. Mikilvægt er að unnið verði markvisst að þeim úrbótum, í góðri sátt við sveitarfélögin.*



Vegna bókunar við 4. lið fundargerðar frá 19. september 2022 um meðhöndlun sláturúrgangs og dýrahæja.

Stjórn sambandsins telur afar brýnt að fundin verði ásættanleg lausn fyrir förgun dýraleifa þar sem áhersla verði lögð á öruggan farveg fyrir förgun áhættuvefja. Þrenging á heimildum urðunarstaða til urðunar sláturúrgangs getur kallað á fjárfestingar af hálfu sveitarfélaga og kallar stjórnin eftir aðkomu ríkisins að verkefninu, þar sem augljóslega reynir á skyldur ríkisins á grundvelli EES-samningsins.

Jón Björn Hákonarson kom inn á fundinn kl. 13:10.

**4. Tekjustofnanefnd - 2104057SA**

Lögð fram drög að skýrslu tekjustofnanefndar, dags. í september 2022.

Stjórnin óskar eftir sameiginlegum fundi fulltrúa sambandsins með forsætisráðherra, innviðaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, til að ræða versnandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga og nauðsynleg viðbrögð við henni. Styrkja þarf tekjustofna sveitarfélaga sem allra fyrst og leita jafnframt annarra lausna til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þannig að þjónusta við íbúana verði sem best tryggð.

**5. Varðar tillögu að stjórn sambandsins 2022-2026 - 2207023SA**

Lögð fram bókun bæjarráðs Akureyrarbæjar og bæjarráðs Kópavogs frá 22. september 2022, varðandi tillögu að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026.

**6. Tillaga um stofnun stýrihóps vegna áfengisgjalda til sveitarfélaga - 2209002SA**

Lögð fram beiðni borgarráðs um umsögn sambandsins um tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stofnun stýrihóps vegna áfengisgjalda til sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir erindið og samþykkir að vísa því til stefnumótunarvinnu á landsþingi sambandsins.

**7. Úttekt á stöðu brunamála á Íslandi - 2209036SA**

Væntanleg er skýrsla frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um stöðu brunavarna á Íslandi. Til undirbúnings fyrir kynningu á skýrslunni hafa fulltrúar sambandsins fundað með HMS og innviðaráðuneyti og gerð samstarfsyfirlýsingar og mögulegrar aðgerðaáætlunar til úrbóta. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerir grein fyrir stöðu málsins.

**8. Tilnenfing í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2209010SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 9. september 2022, þar sem Valgerður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.

9. **Framhaldsumsögn um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla - 2204001SA**

Lögð fram til kynningar framhaldsumsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 2. september 2022, um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, mál nr. S-92/2022, ásamt fyrri umsögn.

10. **Ályktanir 67. Fjórðungspings Vestfirðinga - 2201003SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir ársþings 67. Fjórðungspings Vestfirðinga sem fram fór á Patreksfirði dagana 8.-10. september 2022.

Fyrir þennan fundarlið óskaði formaður eftir stuttu fundarhléi.

11. **Kjörnefnd - 2009414SA**

Rætt um tillögu að fulltrúum í kjörnefnd sambandsins sem kjósa þarf á landsþingi.

Stjórnin samþykkir að leggja til við landsþing að eftirtaldir skipi kjörnefnd sambandsins fyrir kjörtímabilið 2022-2026:

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar,

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi,

Pálína Margeirsdóttir varabæjarfulltrúi í Fjarðabyggð,

Sabine Leskopf, borgarfulltrúi,

Ásgeir Sveinsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og

Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ.

Í lok fundar þakkaði stjórnarfolk fyrir gott samstarf á seinustu fjórum árum sem hafa verið ansi krefjandi en um leið innihaldsrík og gefandi.

Aldís sem stýrði sínum síðasta stjórnarfundum sambandsins þakkaði fyrir mjög gott samstarf á kjörtímabilinu og óskaði stjórn og starfsfólki sambandsins farsældar í mikilvægum störfum sínum.

Aðrir fulltrúar í stjórn og starfsfolk þakkaði Aldísi fyrir gott samstarf og óskuðu henni velfarnaðar í framtíðinni ásamt því að henni var þakkað sérstaklega fyrir framlag sitt til hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin í landinu.

Fundi var slitið kl. 14:10

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eypór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari

# Fundargerð 914. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 12. október kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Sigrún Sverrisdóttir, Lilja Björg Ágústsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir mætti í hans stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hjördís Ýr Johnson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð formaður fulltrúa í stjórn velkomna, setti sinn fyrsta fund og bað alla fundarmenn um að kynna sig.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 913. fundar - 2201008SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 913. fundar stjórnar sambandsins frá 28. september 2022.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð af þeim stjórnarmönnum sem sátu 913. fund stjórnar.*

**2. Kjör varaformanns stjórnar sambandsins - 2207023SA**

Formaður lagði fram tillögu um Jón Björn Hákonarson sem varaformann stjórnar sambandsins árin 2022-2026. Einnig lagði Hildur Björnsdóttir til að Rósa Guðbjartsdóttir yrði kjörin varaformaður stjórnar og að kosið yrði milli þeirra með leynilegri kosningu.

*Eftir umræðu fór fram leynileg kosning um tillögurnar. Í kosningunni fékk Jón Björn Hákonarson 6 atkvæði og Rósa Guðbjartsdóttir 5 atkvæði. Jón Björn Hákonarson er því rétt kjörinn varaformaður stjórnar sambandsins kjörtímabilið 2022-2026.*

**3. Upplýsingar fyrir nýkjörna stjórn sambandsins - 2207023SA**

Lagðar fram til umfjöllunar upplýsingar fyrir nýkjörna stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um starfshætti stjórnar á undanförunum árum. Samantektinni er ætlað að auðveilda nýrri stjórn að taka ákvarðanir um hvernig hún vill haga störfum sínum til lengri eða skemmri tíma á kjörtímabilinu.

*Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu og svaraði spurningum stjórnarmanna.*

4. **Dagatal stjórnar 2022-2023 - 2201008SA**  
 Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2022-2023 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.  
*Fundaáætlun stjórnar út árið 2022 og fyrir allt árið 2023 var samþykkt, ásamt tímasetningu landsþings sem verður haldið 31. mars 2023 og tímasetning fjármálaráðstefnu sambandsins sem verður haldin 21.-22. september 2023.*
5. **Fundargerð XXXVII. landsþings sambandsins - 2009414SA**  
 Lögð fram til kynningar fundargerð XXXVII. landsþings sambandsins sem haldið var í Hofi á Akureyri 28.-30. september 2022.
6. **Tillaga að fulltrúum í starfshóp um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga - 2208009SA**  
 Lögð fram tillaga að fulltrúum í starfshóp um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga, dags. 10. október 2022.  
*Samþykkt að tilnefna Heiðu Björgu Hilmisdóttir formann stjórnar sambandsins og Jón Björn Hákonarson varaformann sambandsins. Jafnframt er óskað eftir því að sambandið fái einn auka fulltrúa í starfshópinn. Ef það verður samþykkt þá tilnefnir sambandið Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóri Hafnarfjarðabæjar einnig í starfshópinn. Að auki er samþykkt að Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins verði varamaður þeirra og áheyrnarfulltrúi í starfshópnum.*
7. **Tillaga að fulltrúum sambandsins í stjórn Brúar - 2206036SA**  
 Lögð fram tillaga að skipun í stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 10. október 2022, ásamt bréfi Brúar lífeyrissjóðs, dags. 20. júní 2022.  
*Samþykkt að tilnefna Sigurð Ármann Snævarr, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, Auði Kjartansdóttur, bæjarfulltrúa Snæfellsbæjar og Helgu Benediktsdóttur, skrifstofustjóra fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, sem aðalfulltrúa í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og til vara Helga Aðalsteinsson hagfræðing á kjarasviði sambandsins.  
 Jafnframt var samþykkt að Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, verði fulltrúi þess í endurskoðunarnefnd sjóðsins.*
8. **Tillaga að fulltrúum í félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA**  
 Lögð fram tillaga að fulltrúum í félagsþjónustunefnd sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.  
*Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins: Kjartan Magnússon, borgarfulltrúa, Svein Þór Elínbergsson, forstöðumann hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, Júlíu Sæmundsdóttur, félagsmálastjóra Múlaþings, Önnu Sigríði Guðnadóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ og Rannveigu Einarsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs Hafnarfjarðarbæjar.*

9. **Tillaga að fulltrúum í fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**  
Lögð fram tillaga að fulltrúum í fræðslumálanefnd sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.  
Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í fræðslunefnd sambandsins: Róslín Ölmú Valdemarsdóttir, formann fræðslu- og tómstundanevndar í Hornafirði, Helga Arnarson, sviðsstjóra Fræðslusviðs Reykjanesbæjar, Lilju Björgu Ágústsdóttur, bæjarfulltrúa í Borgarbyggð og stjórnarmann í sambandinu, Kristínu Jóhannesdóttur, sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar og Helga Grímsson, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.
10. **Tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**  
Lögð fram tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.  
Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins: Höllu Margréti Tryggvadóttur, sviðsstjóra mannauðssviðs Akureyrarbæjar, Margréti Sanders, bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ og stjórnarmann í sambandinu, Lóu Birnu Birgisdóttur, sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóra Fjarðabyggð og stjórnarmann í sambandinu, Baldur Inga Jónasson, mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar, Stefán Brodda Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar og Ásdísi Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogsbæjar.
11. **Tillaga að fulltrúum í skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA**  
Lögð fram tillaga að skipun skipulagsmálanefndar sambandsins 2022-2026, dags. 10. október 2022.  
Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í skipulagsmálanefnd sambandsins: Höllu Björk Reynisdóttur, formann skipulagsmálaráðs Akureyrarbæjar, Svein Björnsson, byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Nanný Örnú Guðmundsdóttur, formann umhverfis- og framkvæmdanevndar Ísafjarðarbæjar og stjórnarmann í sambandinu, Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins og Einar Þorsteinsson, borgarfulltrúa og stjórnarmann í sambandinu.
12. **Tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**  
Lögð fram tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum 2022-2026, dags. 10. október 2022.  
Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi aðila í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum:  
Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóra SORPU bs. Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóra Kólku sorpeyðingarstöð sf., Friðrik Klingbeil Gunnarsson, verkefnisstjóra á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, Hrefnu Bryndísi Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands bs., Hildigunni Rut Jónsdóttur, forstöðumann umhverfis- og sorpdeildar Akureyrarbæjar og Stefán Aspar Stefánsson, verkefnisstjóra umhverfismála á Hornafirði.

Og til vara:

Ragnhildi Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi, Grétar Inga Erlendsson, bæjarfulltrúa Sveitarfélagsins Ólfus, Guðmund Tryggva Ólafsson, rekstrarstjóra endurvinnslustöðva Sorpu bs., Dagný Hauksdóttir, umhverfis- og skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, Smára Jónas Lúðvíksson, verkefnisstjóra hjá SSNE og Írisi Dögg Aradóttur, verkefnisstjóra úrgangsmála hjá Fjarðabyggð.

**13. Tilnefningar á nýjum fulltrúum í alþjóðlegt samstarf sambandsins - 2210016SA**

Lagðar fram tillögur að tilnefningum á nýjum fulltrúum í evrópskt samstarf sambandsins eftir sveitarstjórnarkosningar 2022.

Í stefnumótandi nefnd CEMR (Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða) til ársins 2025 voru tilnefnd Heiða Björg Hilmisdóttir, Margrét Sanders og Einar Þorsteinsson. Til vara voru tilnefnd Lilja Björg Ágústsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Til setu á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins til ársins 2026 voru tilnefnd Hildur Björnsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Walter Fannar Kristjánsson. Til vara voru tilnefnd Freyr Antonsson, Ásgerður K. Gylfadóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir.

Stjórn staðfesti einnig tilnefningu um að Heiða Björg Hilmisdóttir sé fulltrúi sambandsins í Heimsráði (World Council) Alþjóðasamtaka sveitarfélaga og borga.

Ákveðið var að fresta ákvörðun um tilnefningu í EES EFTA sveitarstjórnarvettvanginn til næsta fundar stjórnar.

**14. Stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA**

Tillaga að stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 lögð fram til áframhaldandi vinnslu.

Stjórnin samþykkir að fela framkvæmdastjóra að boða aðal- og varamenn í stjórn sambandsins á Teamsfund í nóvember nk. þar sem farið verður yfir fyrirbyggjandi gögn og stefnan undirbúin til endanlegrar afgreiðslu stjórnarinnar á fundi hennar 25. nóvember nk.

**15. Skýrsla um stöðu slökkviliða á Íslandi - 2209036SA**

Lögð fram til kynningar og umræðu skýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um stöðu slökkviliða á Íslandi. Jafnframt lagt fram minnisblað frá lögfræði- og velferðarsviði sambandsins um möguleg viðbrögð við skýrslunni.

Stjórn sambandsins hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér niðurstöður í skýrslunni og beita sér tafarlaust fyrir nauðsynlegum úrbótum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að leita eftir samstarfi við innviðaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar til að stórefla brunaöryggi um allt land, þar sem horft verði til þess að slökkvilið verði viðbúin að mæta þeim áskorunum sem við má búast í nánustu framtíð. Áhersla er lögð á að aðgerðir verði kostnaðarmetnar og fjármagnaðar og telur stjórnin mikilvægt að tekjur ríkissjóðs af byggingaröryggisgjaldi, sbr. 50. gr. mannvirkjalaga, renni til verkefna í framkvæmdaáætlun.

16. **Samstarfsyfirlýsing um fagháskólanám í leikskólafræðum um land allt - 2209001SA**  
Lögð fram til kynningar samstarfsyfirlýsing, dags. 6. október 2022, milli háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands um fagháskólanám í leikskólafræðum um land allt.
17. **Mannauðsstefna sambandsins - 2009443SA**  
Lögð fram til kynningar Mannauðsstefna sambandsins sem samþykkt var í stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 23. mars 2018.
18. **Stefna og viðbragðsáætlun - 2210003SA**  
Lögð fram til kynningar stefna Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni, dags. í ágúst 2016.
19. **Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um menningarminjar - aldursfriðun mannvirkja - 2208004SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 6. október 2022, um frumvarp um breytingu á lögum um menningarminjar (aldursfriðun mannvirkja), mál nr. S-171/2022.

Fundi var slitið kl. 13:10





**1. fundur framkvæmdaráðs Almannaþing Almannavarnar Árnæssýslu, haldinn í  
Björgunarmiðstöðinni á Selfossi föstudaginn 7. október 2022 kl 9:15.**

Mætt: Fjóra Kristinsdóttir formaður, Ásta Stefánsdóttir varaformaður, Geir Sveinsson ritari,  
Pétur Pétursson framkvæmdastjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

**1. Fjárhagsáætlun 2023**

Fjárhagsáætlun 2023 lögð fram af framkvæmdastjóra Almannaþing Almannavarnar Árnæssýslu.  
Fjárhagsáætlunin samþykkt af framkvæmdaráði og vísað til samþykkis Héraðsnefndar.

Fundi slitið kl. 9:30

**Fundargerð fyrir húsnæðissjálfséignarstofnun, Arnardrangur.**

**Auka fundur stofnenda sem haldinn er 07.10.2022**

Staðsetning: Grænamörk 5, Árborg. Fundur hefst kl. 08.15

Á fundinum voru mættir fulltrúar stofnenda Arnardrangs. Auk Írisar Ellertsdóttur, verkefnastjóra Bergrisans bs., sem ritaði fundargerð

Fjóla St. Kristinsdóttir var samþykkt sem fundarstjóri fundarins.

Stofnendur Arnardrangs eru sem hér segir:

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029

Mýrdalshreppur, kt. 461283-0399

Skafthreppur, kt. 480690-2069

Ásahreppur, kt. 430169-0339

Rangárþing eystra, kt. 470602-2440

Rangárþing ytra, 520602-3050

Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309

Hveragerðisbær, kt. 650169-4849

Sveitarfélagið Ölfus, kt. 420369-7009

Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410

Bláskógabyggð, kt. 510602-4120

Flóahreppur, kt. 600606-1310

Tillaga að breytingum á samþykktum fyrir félagið lágu fyrir fundinum og voru bornar upp til samþykktar. Breytingatillögur voru samþykktar samhljóða

Staðfesting á kjöri stjórnar. Óskað er eftir staðfestingu stofnenda Arnardrangs hses. á kjöri stjórnar sem fram fór 30.06.2022. Kjör stjórnar er samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi eru kjörnir í stjórn Arnardrangs hses:

Aðalstjórn: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, sem jafnframt er formaður stjórnar Arnardrangs, Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

Til vara: Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar, Sandra Sigurðardóttir, formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar, Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra

Endurskoðandi/skoðunarmenn eru:

Ólafur Gestsson hjá PWC

FSK  
HBA  
JAF  
AK  
AR  
MA

Fundi slitið kl: 8:50

Á fundinn voru mættir:

Arinn Þorjarselættir

Hlucía Kristjánisdóttir

Almi Þorsteinsson

Þorabdur Þósson

Sandra Sigurðardóttir

Ása Valdis Amadóttir

Antonía Álfþórunn

Hlga Björg Helgadóttir

Ólafur Steinarsson

Linn

Þóli 57 Kristjánisdóttir

# Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða bs.

haldinn í fjarfundi fimmtudaginn 20. október 2022 kl. 12:00.

## Mætt:

*Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdis Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Elliði Vignisson, Geir Sveinsson og Bjarni Hlynur Ásbjörnsson.*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

## 1. Verkefnistillaga KPMG um slit á byggðasamlaginu Skóla- og velferðarþjónusta Árneshlíða bs.

Fyrir liggur tilboð frá KPMG um verkefnisstjórn við slit á SVÁ. Áætlað er að kostnaður verði á bilinu 2-2,5 milljónir auk vsk. Verkefnislok eru áætluð í desember en nánari tímaáætlun verði unnin í samráði við stjórn NOS.

***Stjórn NOS samþykkir samhljóða að semja við KPMG um slit á SVÁ og að kostnaður vegna samningsins greiðist í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins.***

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:20.

## Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 95. fundur haldinn á Laugarvatni 12. október 2022 og hófst hann kl. 11:00

### Fundinn sátu:

Nanna Jónsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Helgi Kjartansson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, og Jóhannes Hr. Símonarson framkvæmdastjóri. Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll.

**Fundargerð ritaði:** Jóhannes Hr. Símonarson

### Dagskrá:

#### 1. Vettvangsferð skipulagsfulltrúa UTU bs. ásamt fleirum til Danmerkur 24. – 27. október.

State of Green og danska sendiráðið á Íslandi, í samstarfi við Grænvang, bjóða hagaðilum í vettvangs- og fræðsluferð um hagnýtingu vindorku 24.-27. október nk. Í ferðinni sem farin verður um Jótland og Samsø gefst þátttakendum færi á heimsækja sveitarfélög, fyrirtæki, hagsmunasamtök í ferðamálum og nátturuvernd og aðra hagaðila sem komið hafa að hagnýtingu vindorku á svæðinu. Dagskránni er ætlað að varpa ljósi á helstu tækifæri og áskoranir og hvernig stjórnvöld, danskt atvinnulíf, hagsmunasamtök og aðrir haghafar hafa nálgast sitt samstarf við hagnýtingu vindorku á farsælan máta.

Búið er að skrá Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúa í þessa vettvangsferð og panta flug og hótél fyrir hann þessa daga. Vigfúsi ætlað að miðla af þekkingu sinni þegar heim er komið.

#### 2. Ákvörðun um tíma- og staðsetningu aðalfundar UTU bs.

Stjórn UTU bs. ákveður að halda aðalfund UTU bs. þriðjudaginn 1. nóvember kl. 15.00 í kjölfar skipulagsnefndarfundar. Framkvæmdastjóra UTU bs. falið að finna hentugan fundarstað og boða til fundarins með dagskrá í samráði við stjórnarformann UTU bs. Fundarboðun verði í takt við samþykktir UTU bs.

#### 3. Fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023 sem framkvæmdastjóri lagði fram. Umræða var um einstaka liði hennar, m.a. líklega launaþróun og rekstrarkostnað bifreiða. Framkvæmdastjóra falið að kanna hagkvæmni þess að embættið tæki bíl á rekstrarleigu í stað þess að kaupa hann. Stjórn kemur með ábendingu um að skoða sérstaklega kaup eða leigu á rafmagnsbíl fyrir embættið. Umræða um að breyta ætti gjaldskrá skipulagsfulltrúa þannig að miðað sé við að hún standi undir ákveðnu hlutfalli af rekstrarkostnaði embættisins. Framkvæmdastjóri mun vinna áfram í áætluninni í takti við umræður og ábendingar á fundinum.


#### 4. Önnur mál

Umræða varð um verkferla innan embættisins og viðmið um þjónustu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:30


# Undirritunarsíða

meðstjórnandi  
Helgi Kjartansson




Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 17.10.2022  
Tími: 12:56:41  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a221591a-  
6f93-4fdb-80c7-  
676b5a8ea9f7

varaformaður  
Björn Kristinn Pálmarsson




Undirritað af:  
Björn Kristinn  
Pálmarsson  
0112824239  
Dags: 25.10.2022  
Tími: 09:52:37  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a221591a-  
6f93-4fdb-80c7-  
676b5a8ea9f7

meðstjórnandi  
Jón Bjarnason




Undirritað af:  
Jón Bjarnason  
2501932629  
Dags: 25.10.2022  
Tími: 09:06:10  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a221591a-  
6f93-4fdb-80c7-  
676b5a8ea9f7

stjórnarformaður  
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:  
Haraldur Þór Jónsson  
2705765089  
Dags: 17.10.2022  
Tími: 13:57:34  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a221591a-  
6f93-4fdb-80c7-  
676b5a8ea9f7

meðstjórnandi  
Nanna Jónsdóttir



Undirritað af:  
Nanna Jónsdóttir  
0406803069  
Dags: 17.10.2022  
Tími: 12:22:19  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a221591a-  
6f93-4fdb-80c7-  
676b5a8ea9f7